

➔ **Ég er búinn að finna hina fullkomnu formúlu fyrir vel heppnaðan mix-disk 29**

Gaiman fær Hugo-inn

Ekkert stöðvar Kirkjugarðsbókina



Sigursæll Neil Gaiman.

NEIL Gaiman, hinn kunnibreski víndaskáldsögu- og myndasagna-höfundur, fékk Hugo-verðlaunin á sunnudaginn fyrir *Kirkjugarðsbókina* eða *The Graveyard Book*. Verðlaunin

eru veitt fyrir framúrskarandi vísindasögur/edra ævintýrabókmenntir („fantasy“) og eru þau virtustu á því sviðinu.

Kirkjugarðsbókin, sem fjallar um strák sem alinn er upp af draugum hefur rakað inn víðurkenningum og fékk t.a.m. helstu barnabókaverðlaun Bandaríkjanna fyrir á árinu, Newbery-orðuna. Gaiman skaut nokkrum félögum sínum ref fyrir rass með þessu, en í lægra haldi lutu þeir Neal Stephenson (*Anathem*), Charles Stross (*Saturn's Children*), Cory Doctorow (*Little Brother*) og John Scalzi (*Zoe's Tale*).

Gaiman hefur verið nokkurri furðu lostinn yfir þessari miklu farssæld og sagði af þessu tilefni að verðlaunin hefðu átt að fara til Stephenson. Árið 2006 hafnaði hann Hugo-útnefningu fyrir bókina *Anansi Boys*, aðallega vegna þess að hann hafði þá þegar unnið þrívísar-sinum.

Kirkjugarðsbókin, sem skírskotar til bókar Rudyard Kipling's, *The Jungle Book*, hefur verið þaulsætín á vinsældalistum um heim allan. Gaiman er þá með ýmis járn í eldi; m.a. ferðabók sem fjallar um Kína og nýja „fullorðins“ skáldsögu, sem yrði sú fyrsta síðan *Anansi Boys* kom út.

LEIÐRÉTT

Misrituð tímasetning

TÓNLEIKAR New England Youth Ensemble verða í Skálholti klukkan 20 í kvöld og á sama tíma á morgun í Langholti-kirkju en ekki í gærkvöldi eins og misritaðist í Morgunblaðinu í gær. Er beðist velvirdingar á þessum mistökum.

Tónlist

Nýtt byrjendanám-skeið Óla Gauks

Á KOMANDI haustönn býður Gítarskóli Ólafs Gauks upp á byrjendanámsskeið sem hlotið hefur nafnið Létt og leikandi. Um er að ræða spennandi og auðvelt námskeið fyrir byrjendur, jafnt yngri sem eldri. Námskeiðið er létt og leikandi, skemmtileg lög til undirleiks, bæklingur í hverjum tíma og geisladiskur með öllum æfingum til að æfa sig með heima.




Ólafur Gauks

Innritun hefst þriðjudaginn 1. september í síma 588-3730 kl. 14-17. Sjá ol-gaukur@islandia.is og á heimasíðu www.gitarskoli-olgauks.is. Frí-stundakort Reykjavíkurborgar er í fullu gildi í Gítarskóla Ólafs Gauks.

Myndlist

Dýralíf Ingu Mariú sýnt á Mokka

MYNDLISTARKONAN Inga María sýnir dýralífsmyndir á Mokka. Sýningin var opnuð á mánudaginn var og stendur til 10. september. Inga María hefur hingað til unnið sjálfstætt við myndskreytingar og hreyfi-myndagerð, á milli verkefna segist hún lesa heimspekilegar bókmenntir, rækta líkama og anda, safna áhugaverðu skrani og prófa sig áfram í hinum ýmsu miðlum. Í listsköpun sinni hefur hún notast við ljósritunarvélar, kol, leir, málningu í brúsum, trélitu sem og tússlitu og ýmislegt lauslegt sem á vegi hennar hefur orðið. Dýrin er líklega ekki að finna í handbókum náttúrufræðinga.



Dýralífsmyndir á Mokka.

Tónlist

Árstíðir halla höfði og sýna gjafmildi

HLJÓMSVEITIN Árstíðir hefur ákveðið að gefa afdáendum sínum lag sem allir geta nálgast sér að kostnaðarlausu á heimasíðu hljómveitarinnar: www.arstidir.com. Það er lagið „Með hallandi höfði“ sem hefur átt miklum vinsældum að fagna á öldum ljósvakans í sumar, og fór lagið til að mynda í fyrsta sæti vinsældalista rásar 2. Lagið er aðeins fánlegt á heimasíðunni því það var ekki sett á breiðskífu hljómveitarinnar sem kom út í júní. Hljómveitin mun halda tónleika á skemmtistaðnum Sódómu fimmtudaginn 13. ágúst ásamt hljómveitinni Lights on the Highway.



Ragnar Ólafsson í Árstíðum.

Djass í tuttugu daga

● Jazzhátíð Reykjavíkur er tvítug og stendur því yfir í tuttugu daga ● Íslenskir djassleikarar verða í forgrunni á hátíðinni ● Djass-myndlist á Kjarvalsstöðum

Eftir Ingvaldi Geirsdóttur
ingveldur@mbl.is

JAZZHÁTÍÐ Reykjavíkur verður sett í tuttugasta skipti í Norræna húsinu annað kvöld. Upphaf hennar má rekja til Norrænna jazzdaga sem voru haldnir í Reykjavík árið 1990. Í tilefni af árunum tuttugu nær dagskrá Jazzhátíðar yfir tuttugu daga í ár, frá 13. ágúst til 1. september, og eru hartnær fimmtíu aðirði í boði.

„Það sem einkennir hátíðina í ár er að við fáum að sjá nánast alla íslenska djassleikara á einni hátíð. Það voru allir tilbúnir að taka þátt og það opnast fleiri gluggar þegar hátíðin nær yfir svona langt tímabil,“ segir Pétur Grétarsson framkvæmdastjóri og listrænn stjórnandi Jazzhátíðar Reykjavíkur.

„Erlendir gestir koma líka; þegar hátíðin tók sín fyrstu skref voru norrænu tengslin sterk og við erum aðeins að rifja þau tengsl upp núna og njótum velvildar norska sendiráðsins og Norræna hússins í því. Það koma m.a. listamenn frá Svíþjóð, Noregi, Danmörku, Frakklandi og Austurríki.“

Sérstakur trompetleikari

Pétur segir að koma norska trompetleikarans Arve Henriksen sé eitthvað til að hlakka til. „Ég sá Arve Henriksen í Pýskalandi í vor og bókaði hann í framhaldi af því, hann er mjög sérstakur og getur látið trompetinn hljóma eins og margt fleira en trompet. Með honum er ótrúlega fær elektróniker, Jan Bang, sem sér um allan meðleik. Sópransöngkonan Anna Maria Friman kemur síðan með þeim en hún er miklu þekktari í barokkmúsík. Þannig að þetta verða ábyggjilega mjög eftirminnilegir tónleikar.“

Hátíðin fer fram víða um borg en aðalstaðirnir verða Rósenberg og Iðnó. „Við verðum síðan með risastóra uppakomu á menningarnótt sem lendir inni í miðri Jazzhátíð, þá erum við bæði í Hafnarhúsinu og Iðnó allan daginn og okkar fólk verður líka í Landsbankanum og Norræna húsinu,“ segir Pétur sem er á því að Íslendingar séu miklir djassistar, þó þeir viti ekki allir af því.

www.reykjavikjazz.is



Morgunblaðið/RAX

Djassgleði Myndin Miles Davis Doll eftir Erró prýðir sérstakt hátíðarplakat Jazzhátíðar. Pétur Grétarsson ræður sér ekki fyrir kæti við plakatíð sem er í yfirstærð við Kjarvalsstaði.

Jazzóður á Kjarvalsstöðum

Á meðan Jazzhátíð stendur yfir verður myndlistarsýning á Kjarvalsstöðum, Jazz-óður – Jazz í íslenskrum myndlist.

Á sýningunni verða málverk fimm íslenskra listamanna sem eru virðingavottur þeirra til tónlistargjönnar. Þar verða m.a. myndir af djass-goðsögnum eftir Tryggva Ólafsson, Sigurð Órlygsson og Erró. Einnig verður sýnt hálf-abstrakt málverk af djassleikurum eftir Sigurbjörn

Jónsson og expressjónísk stúdía af djasspíanista eftir Gréttar Reynisson.

Djass hefur gegnt þýðingarmiklu hlutverki fyrir sjónrænan spuna síðastliðin hundráð ár og hefur m.a. haft áhrif á samhljóð, hrynn, tón og rými í verkum listmálara og gættir áhrifa djassins í verkum margra listamanna.

Á Kjarvalsstöðum verða jafnframt haldnir nokkrir af tónleikum hátíðarinnar.

Af vinnustofunni

● Sýning á síðustu myndunum ● Mikið návígi við jörðina ● Gallerí Kambur og vinnustofan opin

„ÞETTA er sýning á síðustu verkum hans, verkum sem hann vann 2008,“ sagði Þórdís Ingólfsson, ekkja listmálarans Gunnars Arnar Gunnarssonar. Gunnar Örn lést í mars á síðasta ári og hafði unnið mikið fram að því og segir Þórdís að allur sá fjöldi verka sem Gunnar Örn vann síðustu mánuðina hafi verið kveikjan að þessari sýningu sem verður opnuð í Gallerí Kambi næstkomandi laugardag klukkan 15. „Hann var farinn að vinna myndir sem tengdust mikið jörðinni Kambi, hann tók ljósmyndir af skurðum og pollum og Þjórsá og vann útrá því,“ sagði Þórdís.

Síðasta myndin

Á þessari sýningu verða sýnd fjórtíu og þrjú verk sem Þórdís segir að flest séu ekki dæmigerð fyrir höfundarverk Gunnars Arnar nema kannski myndin sem sett var á boðskortíð. „Við vildum setja eitthvað á boðskortíð sem fólk tengdi við hann, en þetta er reyndar síðasta myndin sem hann var að

vinna að, hún var á trönunum hjá honum. Þetta er mynd sem hann málaði eftir skissu sem hann hafði gert, það er ómögulegt að vita hvort hún er fullunnin en samkvæmt skissunni sýnist manni það en það er aldrei að vita,“ sagði Þórdís.

Ekki minningarsýning

Sýningin verður bæði í Gallerí Kambi og vinnustofu listmálarans. „Við höfum myndina á trönunum og setjum sýninguna upp í kringum málaraðir hans á vinnustofunni en þetta er samt ekki hugsað sem minningarsýning. Þessi síðustu verk hafa aldrei verið sýnd,“ sagði Þórdís. Hún segir að á þessari sýningu sjáist glögg að Gunnar Örn hafi verið að vinna með alla þá ólíku stíla sem hann beitti á starfsferli sínum sem listmálari. „Hann breytti oft um stíl og hann blandar því svolítið saman í þessum síðustu verkum, það er eins og að hann hafi verið að vinna upp úr því öllu og fyrir vikið eru ýmsar gerðir verka



Síðasta verkið Lauk hann við þessa mynd?

á þessari sýningu,“ sagði Þórdís. „Við komum ekki öllum nýju myndunum að,“ sagði Þórdís og bætti því við að þetta væri ekki sölusýning. „Við tímum því ekki núna,“ sagði hún að lokum. dagur@mbl.is

Glæstur ferill

Listmálarinn Gunnar Örn Gunnarsson lést í mars 2008 þá 61 ára að aldri. Hann átti að baki langan feril sem hófst með fyrstu einkasýningu hans í Uruhúsi 1970 en á ferlinum hélt hann á sjötta tug einkasýninga hér



Gunnar Örn

heima og erlendis. Hann var fulltrúi Íslands á Tívaeringnum í Feneyjum 1988. Verk hans eru í eigu allra helstu safna hérlendis en að auki eru verk eftir hann í eigu Guggenheim-safnsins í New York, Sabu-safnsins í Tókýó, Moderna Museet og Nationalmuseum í Stokkholmi. Gunnar Örn rak sitt eigið gallerí síðustu tíu ár ævi sinnar, Gallerí Kamb, á heimili sínu á bújörðinni Kambi í Holta- og Landsveit í Rangárvallasýslu.

Þegar Gallerí Kambur er sótt heim skal taka þrjú afleggjara til vinstri eftir Þjórsá þegar ekið er til austurs. Hann er bæði merktur galleríinu og Gíslholti.